

Starfsáætlun Kópahvols 2023-2024

– umsögn foreldraráðs

Hlutverk foreldraráðs Kópahvols er að styðja við starf leikskólans meðal annars með því að veita umsögn um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans, sbr. 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Á grundvelli þess er eftirfarandi umsögn veitt um starfsáætlun Kópahvols 2023-2024.

Starfsáætlun Kópahvols fyrir árið 2023-2024 er vel rituð og skýr, en markmið hennar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari og sýna fram á að innra mat er umbótamiðað. Áætlunin lýsir því vel hvaða markmið eru höfð að leiðarljósi, ásamt því með hvaða hætti skuli ná þeim markmiðum með aðalnámskrá leikskóla, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá Kópahvols. Höfuðáhersla er lögð á gæði í samskiptum sem grundvallarþátt í öllu starfi skólans. Unnið er út frá barnasáttmálanum, uppeldi til ábyrgðar sem enn er í innleiðingarferli, snemmtækri íhlutun, lýðræði, læsi í víðri merkingu og lagt upp með að efla sjálfsvitund barnanna, samskipti og samhug. Í nóvember 2022 náði leikskólinn því markmiði að verða réttindaskóli UNICEF, sem eflir vinnu skólans með barnasáttmálanum og að virkja börnin í að móta og þróa leikskólustarfsemina. Markmið leikskólans hafa hingað til meðal annars snúið að lýðræði í leikskólustarfi og áherslur þessa skólaárs snúa að því að halda því starfi áfram og efla enn frekar samkennd, hlustun, virðingu og lýðræði meðal bæði barna og starfsfólks og að efla samvinnu á milli deilda og auka flæði og tengsl barnanna sem foreldraráð er mjög hlynnt.

Ýmis þróunarverkefni hafa verið í gangi og áfram mun vera horft til heimsmarkmiða og barnasáttmála SP í öllu starfi, með áherslu á tengslamyndun barna og tvítyngd börn. Þá var ráðist í breytingar innanhúss nú í haust með það að markmiði að nýta salinn betur og ýta undir samvinnu á milli allra deilda skólans. Þá er spennandi nýbreytni í listasmiðju, Hreiðrinu, þar sem sérgreinastjóri leiðir sköpun barnanna þvert á deildir. Með breytingunum fá börnin aukið val um hvað þau gera og meira samstarf og flæði er milli deilda. Þetta eykur tengsl milli barnanna, gefur þeim meira val og fjölgar gæðastundum í smærri hópum.

Í starfsáætluninni má finna upplýsingar um öryggismál og viðhald. Til að tryggja öryggi og heilbrigði barna og starfsfólks eru öryggisráð, öryggistrúnaðarmaður og áfallaráð. Varðandi viðhald, þá telur foreldraráð Kópahvols brýnt að ráðist verði í viðhald og endurbætur og að þeim beiðnum sem liggja fyrir verði sinnt svo fljótt sem auðið er.

Þá er í starfsáætluninni bent á upplýsingar um foreldrasamstarf, farið yfir samsetningu starfsmannahópsins og stöðugildi og hagnýtar upplýsingar um fjölda barna og aldursdreifingu.

Starfið á Kópahvoli er metið á ýmsa vegu. Í starfsáætluninni er farið yfir framkvæmd innra mats og niðurstöður matsáætlunar síðastliðins skólaárs, sem sneri að heilbrigði og vellíðan, að því er varðar styrkleika og umbótaþætti. Þá er val á matsþáttum þessa skólaárs útlistað en matið mun snúa að námssviðinu sköpun og menningu, breytingum sem gerðar voru á skipulagi í upphafi skólaársins, aukinni samvinnu deilda og loks

UNICEF verkefni. Þá er upplýst um að einnig fari fram ytra mat á vegum matsteymis um gæði leikskólastarfs í Kópavogi. Niðurstöður foreldrakönnunar á vegum Kópavogsbæjar, sem lögð var fyrir í febrúar 2023 eru einnig kynntar, sem sýndu að líðan barnanna í leikskólanum og tenging við starfsfólk skoraði hæst ásamt starfinu með börnunum. Niðurstöður bentu einnig til að tækifæri væru til úrbóta við leikskólabyrjun og aðlögun yngstu barnanna og áætlunin gerir ráð fyrir að aðlögunarkönnun verði lögð fyrir til að bregðast við þeim niðurstöðum. Loks gerir áætlunin ráð fyrir að efla mat barna og virkja þau enn frekar í skoðunum og áhrifatöku í starfi leikskólans og markmiðum um að allar deildir komi þar að að einhverju leyti.

Foreldraráð Kópahvols telur starfsáætlun leikskólans metnaðarfulla og lýsa starfinu vel.

Virðingarfyllst,
Foreldraráð Kópahvols;
Auður Ýr Jóhannsdóttir, Ágúst Valves Jóhannesson,
Ágústa Steinunn Loftsdóttir, Áslaug Sigurðardóttir,
Rakel Elíasdóttir og Þóra Hugosdóttir